



Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN Alþingi

Erindi nr. *P* 132/109
komudagur 23.11.2005

Reykjavík, 21.11.2005
Tilv. 90.13
JS/sv

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins, 27. mál, 132. löggj. þing 2005-2006.

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 14. nóvember 2005 um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnunin telur eðlilegt að horft sé til reynslu annarra þjóða við stjórnun fiskveiða svo bæta megi árangur hér á landi. Er stofnunin jafnframt fús að veita aðstoð við verkið ef þurfa þykir, enda til staðar sérfræðipækking sem komið gæti að notum.

F. h. Hafrannsóknastofnunarinnar,

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000

Póstfax:

575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is



Nefndasvið Alþingis
v. sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 28.11.2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins. Þskj. 27 – 27. mál.

Við höfum fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins sem flutt er af Magnúsi Þór Hafsteinssyni, Guðjóni A. Kristjánssyni og Jóni Gunnarssyni.

Rétt er að taka fram að við lítum svo á að þegar flutningsmenn nefna “færeyska fiskveiðistjórnarkerfið” sé átt við sóknarkvótafyrirkomulag sem Færeyingar nota við veiðar á botnfiski á heimamiðum. Eins og kunnugt er styðjast Færeyingar við aflamarkskerfi við veiðar á uppsjávarfiski og botnfiskveiðar í Barentshafi, en í þessum veiðigreinum gengur Færeyingum best um þessar mundir.

Um sóknarkvótafyrirkomulag hefur mikið verið rætt og ritað, auk þess sem dýrkeypt reynsla hefur fengist af því, m.a. á Íslandi. Bæði er að sóknarkvótafyrirkomulag er mun óhagkvæmara en aflamarksfyrirkomulag og eins getur það leitt til ofveiði á ákveðum tegundum þegar um blandaðar veiðar er að ræða eins og við botnfiskveiðar við Ísland og Færeyjar.

Það er lýsandi fyrir tillöguna að ekki er gert ráð fyrir aðild hagsmunaaðila að þeirri nefnd sem lagt er til að skipuð verði til að nálgast megi “viðfangsefnið á hlutlausan hátt”. Engu að síður er gert ráð fyrir því að Frjálslyndi flokkurinn eigi fulltrúa í nefndinni og hlýtur hverjum manni með því að vera ljóst hver trúverðugleiki tillöguflutningsins er að þessu leyti. Þá er því haldið fram að “fiskistofnar við Færeyjar virðast einnig hafa spjarað sig þokkalega almennt undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er við Færeyjar.” Því miður er þorskstofninn við Færeyjar í mikilli lægð um þessar mundir.

Þótt almennt sé jákvætt að fjalla um aðferðir við fiskveiðistjórnun leggjumst við alfarið gegn því að fjámunum sé kastað á glæ með þeim hætti sem hér er lagt til, sérstaklega þar sem hér er um peninga Verkefnasjóðs sjávarútvegsins að ræða. Þeirra peninga er þörf til ýmissa mikilvægra verkefna.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/291
komudagur 30.11.2005



Til sjávarútvegsnefndar Alþingis

29. nóvember 2005


Efni: Umsögn um 27. mál, þingskjal 27.
„Tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar sem meti
kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.“

Landssamband smábátæigenda tekur undir með flutningsmönnum þingsályktunarinnar um að Alþingi feli sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnarkerfisins.

LS telur að skýrsla, sem unnin yrði af aðilum sem tilgreindir eru í þingsályktuninni, mundi fela í sér hlut- og öfgalaus úttekt á færeyska fiskveiðistjórnarkerfinu. Þannig gæti efni hennar nýst við ákvarðanir um lagfæringar á stjórnun fiskveiða hér. Þá mundi skýrslan víkka sjóndeildarhring þeirra sem fást við málefni fiskveiðistjórnunar og gera þeim kleift að nálgast upplýsingar um færeyska fiskveiðistjórnarkerfið á einum stað.

Virðingarfyllt

f.h. Landssambands smábátæigenda



Örn Pálsson framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 132/188
komudagur 28.11.2005

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Elín Hlín Sigfúsdóttir
nefndaritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110008/42-1
SB/rsb

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um færayska fiskveiðistjórnunarkerfið

Vísað er til bréfs sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 14. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar sem feli sjávarútvegsráðherra að skipa nefnd til að meti kosti og galla færayska fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður þessa tillögu og telur eðlilegt að fulltrúi Hafrannsóknastofnunarinnar eigi sæti í nefndinni, auk þeirra sem upp eru taldir.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Reykjavík, 28. nóvember 2005

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins, 27. mál.


Samtök fiskvinnslustöðva (SF) telja rétt að fylgjast grannt með reynslu Færeyinga af stjórnun fiskveiða við eyjarnar.

Í ráðgjöf ICES frá maí 2005, kemur fram að ástand þorskstofnsins við Færeyjar sé slæmt, áhætta á minnkandi afrakstri hrygningastofnsins sé svipuð og var fyrir hrunið 1990, stofninn ofveiddur og dánartala hans hafi verið umfram ráðgjöf síðan árið 1996, sjá The Faroe Plateau Ecosystem.


(<http://www.ices.dk/advice/icesadvice.asp> Advice from May 2005, Cod)

Fyrirliggjandi upplýsingar um stjórnun fiskveiða og ástand þorskstofnsins við Færeyjar gefa ekki tilefni til að skipuð verði sérstök íslensk nefnd til að skoða kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Virðingarfyllst,



Guðbergur Rúnarsson
Samtök fiskvinnslustöðva



SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

132/287

Alþingi

Erindi nr. P 132/287
komudagur 30.11.2005


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 30. nóvember 2005.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, 27. mál.

Sjómannasambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um að sjávarútvegsráðherra verði falið að skipa nefnd til að meta kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins. Sjómannasamband Íslands telur sjálfsagt og nauðsynlegt að kostir og gallar annara fiskveiðistjórnunarkerfa en þess íslenska verði skoðaðir og metnir á faglegan hátt. Hverjir eiga að framkvæma það mat getur verið álitamál, en engu að síður er nauðsynlegt að umræða um „gæði“ fiskveiðistjórnunarkerfa byggist á faglegum rökum en ekki sleggjudómum eins og alltof algengt er. Sjómannasamband Íslands styður því þingsályktunartillöguna.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson

Alþingi
Erindi nr. P 132/289
komudagur 30.11.2005



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Nefndasvið Alþingis
sjávarútvegsnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2005

Skjalanúmer: 50

Tilvísun: UST20051100084/KG

Tillaga til þingsályktunar um kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfið,
27. mál.

Vísað er til erindis sjávarútvegsnefndar, dags. 14. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu til þingsályktunar um kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfið, 27. mál.

Umhverfisstofnunar telur viðkomandi málefni utan við verksvið stofnunarinnar og tekur því ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Gísladóttir
forstöðumaður


Kristján Geirsson
fagstjóri

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

DAGS. 21. nóvember 2004

Efni: *Umsögn, sjávarútvegsnefnd Alþingis*


Verðlagsstofa skiptaverðs hefur fengið til umsagnar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar *um skipan nefndar sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnunarkerfisins*. Þskj. 27 – 27. mál.

Stofan tekur undir öll þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með tillögunni og telur nauðsynlegt að stjórnvöldum og öðrum sé kynnt til hlítar á hlutlausan hátt reynsla annara þjóða af fiskveiðistjórnunarkerfum.

Varðandi einstak liði þingsályktunar þá telur stofan að allt of rúmur tími sé ætlaður til til skýrslugerðar - nær lægi væri að nefndin skili skýrslunni á næstu vordögum.

Sjávarútvegsdeild HA mun nú hafa verið sameinuð Viðskiptadeild.

Virðingarfyllst,



Valtýr Þ. Hreiðarsson



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/119
komudagur 23.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegsnefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2005.

Efni: Þingsáttill. um nefnd um færeyska fiskveiðistjk. (27. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem fjallar um að skipuð verði nefnd sem meti kosti og galla færeyska fiskveiðistjórnkerfisins.

Töluvert hefur verið skrifað og fjallaðu um færeyska fiskveiðistjórnkerfið. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni segir að færeyingar hafi „...spjarað sig þokkalega almennt séð undir þeirri veiðistýringu sem viðhöfð er...“ Þessi fullyrðing er röng, ekki síst í ljósi þess hruns sem orðið hefur í þorsstofninum við Færeyjar auk þeirra litlu arðsemi sem greinin skilar.

Markmið stjórnkerfisins er að hámarka arðsemi auðlindarinnar. Færeyingar búa, ólíkt Íslendingum, við svonefnt sóknarmarkskerfi, sem byggir á að veiðar séu takmarkaðar við tiltekinn dagafjölda. Íslendingar búa hinsvegar við aflamarkskerfi sem byggir á að veiðar séu takmarkaðar við tiltekinn tonnafjölda. Aðeins í ljósi þessarar staðreyndar blasa kostir íslenska kerfisins við, enda hlýtur magn veiða að hafa áhrif á stofnstærð miklu fremur en tímalengd veiða. Sóknarmarkskerfi leiðir líka til óhagkvæmni með því að stuðla að offjárfestingu í greininni. Það er ekki vænlegt fyrirkomulag að binda í lög að dýrar fjárfestingar megi aðeins nýta tiltekinn dagafjöld á ári. Rannsóknir sýna að arðsemi færeysks sjávarútvegs er mun minni en hins íslenska.

Æ fleiri ríki hafa horfið frá sóknarmarkskerfi til aflamarkskerfis. Þar á meðal eru við Íslendingar en héraendis var sóknarmarkskerfi í botnfiskveiðum um nokkurra ára skeið. Varð það raunin að yfirleitt var veitt miklu meira en ætlunin var og stofnanir þöldu. Stofnarnir

minnkuðu og efnahagsleg áhrif voru mjög slæm. Hefur þetta verið reynslan þar sem sóknarmarkskerfi er við lýði.

Algengur misskilningur er að brottkast sé ekki stundað í sóknarmarkskerfi. Í báðum kerfunum hefur útvegsmaður hagsmuni að því að færa að landi sem verðmestan afla. Útvegsmaður í sóknarmarkskerfi getur því líka freistast til að kasta brott smælki til að geta fært meira af stórum fiski að landi.

Af framansögðu er ljóst að gallar færeyska kerfisins eru miklir umfram kosti þess. Er vandséð að enn ein nefndin á vegum ríkisins muni varpa ljósi þar á. Er það ekki leggjandi á skattgreiðendur að standa straum af slíku. Þess vegna leggst Viðskiptaráð gegn því að slík nefnd verði skipuð.

Ef hinsvegar til skipunar nefndar af þessu tagi kemur, er mikilvægt að hægræn sjónarmið eigi þar fulltrúa. Höfuðmarkmið stjórnkerfis fiskveiða er enda að hámarka arðsemi. Einnig er mikilvægt að hagsmunaaðilar eigi þar fulltrúa enda fara þeirra hagsmunir að öllu leyti saman við hagsmuni þjóðarbúsins. Hagsmunaaðilar hljóta að vilja hámarka arðsemi greinarinnar. Viðskiptaráð lýsir sig jafnframt reiðubúið til að taka þátt í stöfum nefndarinnar.

Virðingarfyllt,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,



Davíð Þorláksson